

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Kotra, Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 23. maí 2019 deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði í Kotru í landi Syðri-Varðgjár skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 4,5 ha spilda austan Veigastaðavegar nr. 828 innan íbúðarsvæðis ÍB13 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagið tekur til byggingar sex íbúðarhúsa auk veglagningar og fráveitumannvirkja.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 6. ágúst 2019.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. ágúst 2019